

204. fundur

stjórnar LSS haldinn miðvikudaginn 12.01 2011 kl. 13:00
á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.

Mættir: SBB, FH, IGG, JS, EK, BKr.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Sp.

2. Inntaka nýrra félaga

Einar Sveinn Jónsson kt. 220374-5999 Sjúkraflutningamaður í Grindavík. Sp
Vilhjámur Óli Valsson kt. 140172-5539 Þylusveit. Aukaaðild. Sp.

3. Kjaramál

Formaður, v-formaður, framkvæmdastjóri og formaður Fagdeildar Sjúkraflutninga fóru á fund **Samninganefndar Sveitarfélaganna** til að opna samningaviðræður vegna gerð nýs kjarasamnings. LSS lagði fram minnisblað um áhersluatriði; að nýr kjarasamningur gildi frá þeim degi sem hinn rann út (01.12.10), grunnröðun yrði leiðrétt þannig að skilyrt iðnmenntun yrði virt. Með hörku tókst LSS að fá næsti fundur 21. janúar. SNS talaði um þriggja ára samning og leiðréttingar á launatöflu m.a. vegna þeirra áhrifa sem krónutöluhækkun hafði á þar síðustu samninga. 14. janúar verður fundur í þeim hópi sem hefur það verkefni að klára eldri mál samkvæmt bókunum með kjarasamningnum. Engir fundir hafa verið boðaðir með Isavia eða SNR. Rætt um tímasetningu á næsta fundi í Kjararáði.

4. Fundur með Umhverfissráðherra

LSS óskaði eftir fundi til að ræða almennt um málefni slökkviliðsmanna í kjölfar nýrra laga. Formaður og framkvæmdastjóri fóru á fund 12. janúar með ráðherra, lögfræðingi og starfsmanni ráðuneytisins.

LSS lagði fram drög að bréfi frá GÁH um löggildingu slökkviliðsmanna. LSS óskaði eftir að löggildingarmál færu í fastan feril og að LSS fengi aðgang að ferlinu rétt eins og með sjúkraflutningamenn. LSS óskaði eftir reglugerð um tryggingamál hlutastarfandi slökkviliðsmanna samkvæmt ákvæði í nýju lögum.

Ráðherra sagði að nýjar reglugerðir væru á leiðinni; um reykjöfun, um slökkvilið, um slökkvitækjaþjónustu. LSS benti á nauðsyn þess að Mannvirkjastofnun sem eftirlitsaðili fengi heimildir til að fylgja sýnum kröfum eftir, refsheimildir.

Rætt um röðun náms og námsskeiða. Æskilegt að slökkviliðsmenn/slökkviliðsstjórar taki námið/námsskeiðin í réttri röð. Rætt um skilyrði sem kennarar Brunamálaskólans þurfa að uppfylla. Fundurinn tókst vel og greinilegt að ný lög um brunamál veita lagastoð fyrir ýmsar reglugerðir sem þarf að klára.

5. Sjúkraflutningar

Kominn er tími á að yfirfara útgáfu Vinnuferla. Æskilegt að gera það síðan á fimm ára fresti. Setja í gang.

Tveimur af fjórum sjúkraflutningamönnum hefur verið sagt upp á Bolungarvík þar sem verkefnið verður fært til Ísafjarðar.

Sjúkraflutningar í Vestmannaeyjum eru að færast frá lögreglu til slökkviliðsins.

6. Lög um brunamál

Ný lög voru samþykkt á alþingi 19. desember. Í þeim er bráðabirgðaákvæði um slökkviþjónustu á flugvöllum. [REDACTED] Umhverfisnefnd hefur sett bráðabirgðaákvæði um að ráðuneytin komi sér saman um lausn og leggi fyrir nefndina í maí. LSS hefur sent umsögn við drög að reglugerð

Samgönguráðuneytisins. Fylgst áfram með málinu. Í nýju lögunum eru margar breytingar til batnaðar. Ekki náðist að koma inn ákvæðum varðandi slysatryggingar hlutastarfandi en inni eru ákvæði um að ráðuneytið setji reglugerð. Brunamálaráð lagt af. Skólaráð lagt af.

7. Brunamálaskólinn

Bréf um tilnefningu í stjórn skólans. Ákveðið að sömu menn verði áfram.

8. Fulltrúakostningar

Kosningar eiga að fara fram í febrúar Reiknað er með breytingum.

9. Ársfundur

Ákveðið að stefna á 8. apríl.

10. Verkfallslistar

Farið yfir innkomna lista. Ákveðið að framkvæmdastjóri afgreiði erindin miðað við umræður.

11. Önnur mál:

- a) **Ritnefnd.** Ákveðið að endurskoða útgáfu „Slökkviliðsmannsins“. Hressa upp á útgáfuna.
- b) **Ráðstefna.** Ákveðið að stefn á ráðstefnu um slökkviliðsmál 7. maí.

Ályktun

Stjórnarfundur LSS haldinn á skrifstofu félagsins 12. janúar 2011.

Stjórn LSS samþykkir að leggja eftirfarandi ályktun fyrir stjórnarfund BSRB 14. janúar 2011.

„Í þeirri kjarasamningagerð sem nú stendur yfir er það ófrávíkjanleg krafa að nýir kjarasamningar aðildarfélaga BSRB taki gildi frá þeim degi sem eldri samningar runnu út.“